



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# **Félagsráðgjafardeild**

**BA-ritgerð**

**Áhrif fjölskyldugerðar á lífsgæði og öryggi  
barna**

**Guðbjörg María Árnadóttir**

**Júní 2010**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# **Félagsráðgjafardeild**

**BA-ritgerð**

**Áhrif fjölskyldugerðar á lífsgæði og öryggi  
barna**

**Guðbjörg María Árnadóttir**

**Júní 2010**

Leiðbeinandi: Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir lektor

Nemandi: Guðbjörg María Árnadóttir

Kennitala: 081168-4749

## Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um möguleg áhrif fjölskyldugerðar á lífsgæði og öryggi barna. Með lífsgæðum er átt við tengsl barna við það foreldri sem þau búa ekki hjá, sem og aðra ættingja. Þá er augum sérstaklega beint að því hvort lífsgæði barna fráskilinna foreldra séu á einhvern hátt lakari eða hvort þau séu í meiri hættu á að vera beitt ofbeldi heldur en börn sem koma úr óbrotinni fjölskyldugerð. Skilnaður foreldra getur verið stórt skref fyrir suma einstaklinga og getur haft áhrif á tengsl barna við foreldra og aðra ættingja. Ritgerð þessi fjallar um samband barna við foreldra, systkini, ömmur og afa eftir skilnað. Ætlunin er að reyna að komast að því hvort tenging sé á milli sambands barna við fjölskyldumeðlimi og aukinnar hættu á ofbeldi gegn börnum í kjölfar skilnaðar foreldra. Fjallað er um tegundir ofbeldis og vanrækslu en það eru þeir misbrestir sem mögulega geta komið upp í uppeldisskilyrðum barna. Teknar eru fyrir birtingamyndir og afleiðingar ofbeldis og vanrækslu. Niðurstöður benda helst til þess að lífsgæði barna skerðist nokkuð við skilnað foreldra og sérstaklega hjá þeim börnum sem búa með einstæðum mæðrum. Velta má því fyrir sér hvort það hafi áhrif að þær séu í meiri hættu á að lifa við eða undir fátæktarmörkum. Þá er stór hluti tilkynninga sem koma inn á borð barnaverndarnefnda vegna þeirra barna sem búa með einstæðum foreldrum.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	1
Inngangur .....	4
1. Samband barna við ættingja eftir fjölskyldugerð .....	5
1.1. Skilgreining á fjölskyldu .....	5
1.2. Skilnaður foreldra .....	5
1.3. Samband barna við foreldra eftir skilnað .....	8
1.4. Samband barna við ömmur og afa eftir skilnað .....	10
1.5. Samband barna við systkini eftir skilnað .....	11
2. Ofbeldi gegn börnum .....	13
2.1. Líkamlegt ofbeldi .....	13
2.2. Andlegt ofbeldi .....	15
2.3. Kynferðislegt ofbeldi .....	16
3. Vanræksla barna.....	19
3.1. Líkamleg vanræksla .....	19
3.2. Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit .....	20
3.3. Vanræksla varðandi nám.....	21
3.4. Tilfinningaleg/sálræn vanræksla .....	21
4. Fræðilegur kafli.....	23
4.1. Átakakenningar .....	23
4.2. Feðraveldiskenningin.....	25
4.3. Siðrofskenningin .....	25
4.4. Félagsnámskenningin .....	26
5. Líkur á að skilnaðarbörn séu beitt ofbeldi eða vanrækt.....	28
Tafla 1 - Tilkynningar eftir fjölskyldugerð .....	30
Tafla 2 - Kjarnafjölskyldur eftir fjölskyldugerð árið 2006 .....	31
Tafla 3 - Tilkynningar eftir ástæðum .....	32

5.1. Áhættuþættir.....	33
6. Umræða.....	34
7. Heimildaskrá.....	36

## Inngangur

Ýmsir þröskuldar geta leynst á lífsleið hvers einstaklings og skiptir þá miklu máli hvernig komist er yfir þann þröskuld. Meðal þess sem börn geta þurft að glíma við á lífsleiðinni er skilnaður foreldra og getur slík reynsla haft ýmiskonar áhrif á lífsgæði þeirra. Tilgangurinn með þessari ritgerð er að skoða möguleg áhrif fjölskyldugerðar og breytinga sem kunna að verða á henni á líf barna. Þá er augum sérstaklega beint að öryggi barna og því hvort börn fráskilinna foreldra séu í meiri hættu á að vera beitt ofbeldi heldur en börn sem koma úr óbrotinni fjölskyldugerð. Ritgerð þessi fjallar jafnframt um samband barna við foreldra, systkini, ömmur og afa eftir skilnað. Ætlunin er að reyna að komast að því hvort tenging sé á milli sambands barna við fjölskyldumeðlimi og aukinnar hættu á ofbeldi gegn börnum í kjölfar skilnaðar foreldra. Fjallað verður um þá misbresti sem upp geta komið í uppeldisskilyrðum barna. Þar má fyrst nefna þær þrjár megin tegundir ofbeldis sem stuðst er við í vinnslu barnaverndarmála en þær eru líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Þá verður einnig fjallað um vanrækslu en hún er önnur tegund af þeim misbrestum sem upp geta komið í uppeldi barna. Vanrækslu hefur verið skipt niður í fjóra megin flokka, líkamlega vanrækslu, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit, vanrækslu varðandi nám og tilfinningalega/sálræna vanrækslu. Fjallað verður um birtingamyndir ofbeldis og vanrækslu ásamt þeim áhrifum sem það getur haft á börn að verða fyrir því. Þá verður í framhaldi hugað að kenningum sem hægt er að tengja við ofbeldi og afleiðingar þess. Þar má helst nefna átakakenninguna, feðraveldiskenninguna, siðrofskenninguna og félagsnámskenninguna. Til að komast að niðurstöðu í þessu máli verður eftirfarandi spurning höfð að leiðarljósi: Hefur fjölskyldugerð áhrif á lífsgæði barna og það hvort börn séu í hættu á að verða beitt ofbeldi eða vanrækt? Lífsgæði barna eru í ritgerð þessari skilgreind sem tengsl þeirra við það foreldri sem það býr ekki hjá, sem og aðra ættingja eftir skilnað.

Velferð og öryggi er það sem skiptir mestu máli í lífi barna og þar sem langvarandi misbrestur í uppeldi þeirra getur haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar á líf þeirra skiptir miklu máli að hægt sé að varpa ljósi á þá áhættuþætti sem standa þar að baki eins og til dæmis fjölskyldugerð (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

## 1. Samband barna við ættingja eftir fjölskyldugerð

Samband barna við ættingja sína getur verið mjög misjafnt og fer það allt eftir því hversu nán tengslin eru innan fjölskyldunnar. Hindranir geta orðið á lífsleið hvers einstaklings og getur ýmislegt gerst sem verður til þess að höggva skarð í þessi tengsl. Þá veltur það allt á vilja einstaklingsins ásamt aldri og þroska hvort hann kýs að halda í tengslin og hvaða aðferðir hann notar til þess (Berk, 2007).

### 1.1. Skilgreining á fjölskyldu

Hugtakið fjölskylda er frekar vítt og erfitt getur verið að festa einhverja eina skilgreiningu á það. Hér áður fyrr bjó fólk þröngt og foreldrar, börn, afar og ömmur jafnvel saman á einu heimili. Þjóðfélagið tekur sífelldum breytingum og þar af leiðandi er erfitt að festa eina skilgreiningu á þetta fyrirbæri. Þó hefur fjölskyldu verið lýst sem einstaklingum sem eiga sameiginlegt heimili þar sem tómsendum, hvíld og tilfinningum er deilt ásamt ábyrgð, efnahag og öðrum verkefnum. Oftast er um að ræða fullorðna einstaklinga ásamt barni eða börnum. Kjarnafjölskyldan hefur verið skilgreind sem hjón með eitt eða fleiri börn. Einnig eru til mismunandi afbrigði af fjölskyldum eins og barnlaus pör, einforeldrisfjölskylda, ættleiðingarfjölskylda, stjúpfjölskylda, samkynjafjölskylda, systkinafjölskylda og sambýlis- og félagafjölskylda (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

### 1.2. Skilnaður foreldra

Í Bandaríkjunum endar um helmingur allra hjónabanda með skilnaði nú til dags og um 40% þeirra sem eru í sínu fyrsta hjónabandi eiga eftir að giftast aftur. Þar af leiðandi mun stór hluti barna upplifa skilnað foreldra sinna ásamt öðru hjónabandi hjá öðru eða báðum foreldrum sínum (Baham, Weimer, Braver og Fabricius, 2008).

Hér á landi eru skilnaðir ekki eins algengir en þó endar um þriðja hvert hjónaband með skilnaði. Meðal Norðurlandanna hefur Ísland verið með lágstu skilnaðartíðnina síðastliðin 30 ár en hér á landi hafa óvígðar sambúðir verið fremur algengt fyrirkomulag. Frá



árinu 1991 hafa árlega yfir eitt þúsund börn upplifað skilnað foreldra sinna hér á landi (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnarsdóttir, Guðlaug Magnúsdóttir, 2008).

Fjallað er um í barnalögum nr. 76/2003 að réttur barna sé að þekkja báða foreldra sína. Móðir sem ekki er í hjónabandi eða sambúð ber skylda til að feðra barn sitt innan sex mánaða frá fæðingu þess. Í þeim tilfellum þar sem aðeins annað foreldri fer með forsjá barns ber því foreldri skylda til að stuðla að því að barnið njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema dómari eða lögmætt stjórnvald hafi úrskurðað það vera andstætt hag og þörfum barnsins.

Sameiginleg forsjá tók gildi í lögum árið 1992 og á næstu fimm árum hafði rúmlega þriðjungur af fráskildum foreldrum valið að fara þá leið. Reynslan af sameiginlegri forsjá hefur gefið góða raun og sýnt það að foreldrasamvinna hafi orðið jafnari og jákvæðari. Meiri áhugi hefur orðið á samvinnu foreldra og skilningur var á mikilvægi þess að þarfir barna væru hafðar í fyrirrúmi þrátt fyrir að foreldrar væru að ganga í gegnum erfiða ákvarðanatöku og jafnvel vanlíðan. Með sameiginlegri forsjá hefur það sýnt sig að kynslóðatengsl rofna síður og minna er um tortryggni (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Sífelld aukning hefur verið á sameiginlegri forsjá frá árinu 1992 og árið 2002 var orðið algengast að foreldrar færu með sameiginlega forsjá barna sinna. Árið 2008 voru fjögur af hverjum fimm börnum eða 81,1% barna í sameiginlegri forsjá foreldra sinna (Hagstofa Íslands, 2009).

Það er yfirleitt áfall fyrir börn þegar til skilnaðar kemur á milli foreldra og virðast þau yfirleitt frekar óviðbúin skilnaði þó erfiðleikar foreldra hafi verið stigvaxandi. Viðbrögð barna við skilnaði geta verið misjöfn, þó eru algengustu viðbrögðin kvíði, þunglyndi, sorg og hræðsla um hvað verði um þau sjálf. Erfiðleikar með einbeitningu í námi og leik fylgja oft einnig. Viðbrögðin eru oftast sterkust fyrst eftir skilnaðinn þegar foreldrarnir sjálfir eru að vinna úr eigin vanda og taka því síður eftir viðbrögðum barnanna. Þeim hættir þá jafnan frekar til að gera meiri kröfur til barnanna heldur en að styðja þau í gegnum ferlið. Mesta vanlíðanin gengur þó yfirleitt yfir á hálfu til einu ári. Þegar um er að ræða einhver átök, ofbeldi eða aðrar þjáningar í sambandinu gegnir þó yfirleitt öðru máli. Þá hefur það sýnt sig að skilnaðurinn sé oft frekar léttir fyrir barnið og það jafnvel komið lengra í ferlinu heldur en foreldrarnir (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Í þeim tilfellum þar sem foreldrar geta unnið saman að uppeldi barna sinna eftir skilnað er meira samband milli barna og þess foreldris sem ekki býr á heimilinu. Foreldrar

sem tala saman á áhrifaríkan hátt og hafa jákvætt viðhorf í garð hvors annars eru líklegri til að hvetja til sambands barna við hitt foreldrið. Þar sem árekstrar eiga sér stað milli foreldra er líklegt að það komi niður á gæðum sambands milli barna og þess foreldris sem ekki býr á heimilinu, þó sambandi þeirra sé viðhaldið. Getur slíkt ósætti komið niður á velferð barnanna (Pryor, 2008).

Það þjónar hagsmunum barna að samvinna sé á milli foreldra þeirra og miklu máli skiptir upp á velferð þeirra að unnið sé í sameiningu að því að hafa tilfinningatengsl í lagi. Fjárhagsleg ábyrgð hvílir á því foreldri sem barnið hefur lögheimili hjá og getur það haft mikið að segja hvað varðar togstreitu á milli foreldra. Barnið getur aðeins haft lögheimili skráð á einum stað og þar af leiðandi fær aðeins annað foreldrið réttarstöðu einstæðs foreldris. Það foreldri fær því eitt greiddar barnabætur, meðlag og aðrar greiðslur sem tilheyra viðkomandi barni. Sú togstreita sem getur myndast í kjölfarið milli foreldra getur haft neikvæð áhrif á foreldrasamstarf og unnið gegn hagsmunum barnsins (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Stjúptengsl myndast ef annað eða bæði foreldrarnir gifta sig aftur. Að mynda samband milli stjúpbarna og stjúpforeldra er ekki auðvelt. Hér áður fyrr var algengara að stjúpfjölskyldur mynduðust þegar maki dó og eftirlifandi makinn giftist aftur. Hlutverk stjúpforeldra í þeim fjölskyldum var að taka við hlutverki þess sem dó. Í dag hefur þetta breyst þar sem stjúpfjölskyldur myndast sjaldnar við að maki deyr en oftast af því fólk er að skilja og myndar síðan ný sambönd eftir skilnað. Hlutverk stjúpforeldra í þeirri gerð stjúpfjölskyldna er ekki eins afmarkað og það var áður, það er ekki að taka við hlutverki hins foreldrisins þar sem það er enn á lífi. Hlutverk stjúpforeldris getur virkað ruglandi bæði fyrir barnið og foreldrið sem barnið býr ekki hjá. Mikilvægt er að skýra hlutverk stjúpforeldris mjög vel, svo börnin, makinn og foreldri sem barnið býr ekki hjá viti hvar það standi í þessari nýju fjölskyldugerð (Mignot, 2008).

Það hlutverk innan fjölskyldunnar sem talið er hafa neikvæðustu merkinguna er hlutverk stjúpmóðurinnar. Sögur um hina illu stjúpmóður eiga rætur að rekja langt aftur í tímann og eru mörg ævintýri byggð upp á sögum um hina illu stjúpmóður. Nefna má í því samhengi heimspekt ævintýri eins og Mjallhvíti, Öskubusku og Þyrnirós. Sú goðsögn hefur verið á sveimi að samband stjúpmæðra og stjúpbarna geti aldrei verið gott og jafnvel að

hinar illu stjúpmaður vanræki og berji stjúpborn sín. Ævintýrin eru yfirleitt sköpuð með það í huga að vekja vorkunn með söguhetjunni svo gleðin í lok sögunnar sé ósvikin þegar vonða stjúpán hlýtur makleg málalok. Hins vegar getur það komið í hlut stjúpmaðra að sjá um daglegt uppeldi á heimilinu ef feður eru að heiman vegna vinnu meirihluta dagsins. Því kemur það í þeirra hlut að sjá til þess að börnin borði grænmetið sitt, taki til í herberginu sínu og fari að sofa á réttum tíma. Sumar stjúpmaður hafa forðast það að reyna að ala upp stjúpborn sín til að forðast það að vera stimplaðar sem hin illa stjúp módír (Coleman, Troilo og Jamison, 2008).

### **1.3. Samband barna við foreldra eftir skilnað**

Við skilnað foreldra þarf að taka stóra ákvörðun um það hver skuli fara með forsjá barnanna og hvar þau komi til með að eiga heimili. Einnig þarf að huga að því hvernig umgengnisrétti skuli vera háttáð. Séu foreldrar ekki sammála um forsjá og umgengni þá er það í höndum Sýslumannsembættta að koma á sáttum milli einstaklinga. Náist ekki samkomulag má Sýslumaður úrskurða um umgengnisrétt en ekki um forsjá. Það er eingöngu í höndum dómstóla að dæma um forsjá barns samkvæmt 34. grein barnalaga nr. 76/2003. Þar er fjallað um það að dómari skuli skera úr máli með dómi þegar foreldra greinir á um forsjá og ekki næst sátt. Sé barn aftur á móti í hættu á heimili sínu vegna ágreinings foreldra sinna eða að forsjáforeldrið sé ekki hæft þá er haft samráð við barnavernd um áframhaldandi vinnslu málsins (Ragnhildur Sophusdóttir munnleg heimild, 2. febrúar 2010).

Töluverð röskun verður á lífsgæðum í lífi ungmenna við skilnað foreldra. Þar má helst nefna þrengri fjárhag, aukna ábyrgð gagnvart heimilishaldi og systkinum ásamt flutningi í minna húsnæði sem einnig getur haft í för með sér þann möguleika að viðkomandi ungmenni getur þurft að skipta um skóla. Þá aukast einnig líkur á að ungmenni þurfi að sækja vinnu með skóla og jafnvel greiða sjálf fyrir tómsundur, samgöngur, fæði og jafnvel húsnæði. Rúmlega 30% einstæðra foreldra lifir við lágtekjumörk eða jafnvel á mörkum fátækramarka meðan sambærilegt hlutfall er 5% fyrir foreldra í hjónabandi. Hér á landi er það algengara en á hinum Norðurlöndunum að börn í lágtekjufjölskyldum hafi áhyggjur af fjárhagsafkomu. Þá hafa skilnaðarbörn meiri áhyggjur af framtíð foreldra sinna ásamt líðan þeirra og heilsu heldur en börn sem koma úr öðrum fjölskyldugerðum (Sigrún Júlíusdóttir, 2009).

Ein mesta og erfiðasta áskorun sem barn stendur frammi fyrir eftir skilnað foreldra sinna er sú ákvörðun um hvort og hvernig skuli viðhalda sambandi við báða foreldra sína eftir skilnað. Hér áður fyrr var þetta vandamál ekki til staðar því hjónaskilnaðir voru ekki tíðir. Annað hvort höfðu foreldrar barns látist eða horfið úr lífi þeirra af einhverri annarri ástæðu. Aukin skilnaðartíðni hefur það í för með sér að börn geta þurft að upplifa ákveðinn missi foreldris þó það sé enn á lífi. Því getur sorg þeirra orðið tvöföld þar sem þau geta verið að upplifa missi ásamt því að halda áfram að elska það foreldri sem er fjarverandi. Ef það foreldri sem fer með forsjá barnsins upplifir höfnun, reiði og sektarkennd í kjölfar skilnaðar er hættu á að það geri lítið úr hinu foreldrinu og tali illa um það í viðurvist barnsins. Það getur aukið á vanlíðan barnsins (Pryor, 2008).

Miklar líkur eru á því að barn verði hluti af stjúpfjölskyldu í kjölfar skilnaðar foreldra sinna, þar sem annað eða báðir foreldrar gifta sig aftur. Í Bandaríkjunum er áætlað að um 33% barna muni eyða einhverjum tíma í stjúpfjölskyldu áður en það nær átján ára aldri og að um 66% barna muni eignast stjúpföður einhvern tíman á ævi sinni (Pryor, 2008). Eftir skilnað þarf barn tíma fyrir sig með hvoru foreldri fyrir sig ásamt því að þurfa tíma til að kynnast nýju stjúpforeldri. Það getur því virkað illa á það ef annað hvort foreldrið stofnar til nýs sambands of fljótt eftir skilnað. Þegar stofnað er til nýs sambands er mikilvægt að láta barn vita að stjúpforeldrið sé ekki komið til að taka stöðu þess foreldris sem er ekki lengur í sambandinu. Viðkomandi sé vinur sem vonast eftir því að öðlast sess í lífi barnsins þegar frá líður, því þurfi barnið ekki að elska stjúpforeldri sitt á sama hátt og það elskar foreldra sína. Auk þess þarf að gera barninu grein fyrir því að þær tilfinningar sem það ber til þess foreldris sem ekki býr á heimilinu þurfi ekki að breytast þrátt fyrir að nýr aðili sé kominn í fjölskylduna (Papernow, 2008).

Stór hluti skilnaðarbarna elst upp á heimili með móður og stjúpföður eða um 90%. Eftir skilnað foreldra eru mun meiri líkur á að barn komi til með að eiga áfram heimili með móður heldur en með föður. Þó koma flest börn til með að eyða einhverjum tíma á heimili föður síns og stjúpmóður. Oft eiga þau þar annað heimili um helgar og í skólafríum (Smith, 2008).

Rannsóknir hafa sýnt að börn njóti góðs af umgengni við það foreldri sem ekki býr á heimilinu. Undanfarin ár hefur verið að færast í aukana sambönd á milli barna og þess

foreldris sem býr ekki á heimilinu. Það má að hluta til rekja til þess að sífellt fleiri foreldrar óska eftir sameiginlegri forsjá barna sinna eftir skilnað. Skiptingin á hlutverkum þeirra er þá jafnari þar sem það lendir þá ekki einungis í höndum annars aðilans að sjá um daglega umhirðu, elda mat og koma barni í og úr skóla. Þá er hinn aðilinn ekki einungis í því hlutverki að skemmta barninu um helgar heldur tekur meiri þátt í daglegri rútinu. Ekki hefur verið sýnt fram á að það sé eitthvað verra fyrir börn þegar það foreldri sem ekki býr á heimilinu eignast nýjan maka. Munur er á sambandi barns við það foreldri sem það deilir ekki heimili með eftir því hvort það sé móðir eða faðir. Þær fáu rannsóknir sem gerðar hafa verið á því sviði sýna allar að börn hafi meira sambandi við móður sem býr ekki með þeim heldur en við föður (Pryor, 2008).

Meðal niðurstaðna úr rannsókn sem gerð var á stöðu ungmenna sem eiga foreldra sem eru fráskildir er fjallað um viðhorf svarenda til stórfjölskyldunnar og kynslóðatengsla. Þegar tekið var tillit til reynslu svarenda kom fram að um 90% svarenda telja móður vera allra nánasta og um 9% næst nánasta í fjölskyldunni. Aðeins 1% finnst móðir vera fyrir utan nánustu fjölskyldumeðlimi. Aftur á móti telja einungis 51% svarenda föður vera allra nánastan og 22% telja föður næst nánastan. Um 14% finnst faðir vera fyrir utan nánustu fjölskyldumeðlimi og um 13% telja föður ekki vera meðlim fjölskyldunnar. Þá telja 12% svarenda föðurömmu og afa vera utan fjölskyldunnar. Fram kom í rannsókninni að mun meiri samskipti voru við móðurömmu og afa heldur en föðurömmu og afa (Sigrún Júlíusdóttir og fleiri, 2008). Þessar niðurstöður benda til þess að tengsl barna séu nánari við mæður þeirra og móðurforeldra heldur en feður þeirra og föðurforeldra eftir skilnað og verður næst vikið að sambandi barna við ömmur og afa.

#### **1.4.Samband barna við ömmur og afa eftir skilnað**

Þar sem tengsl barna eru yfirleitt meiri við móður en föður eftir skilnað, verða tengsl þeirra við móðurfjölskylduna sterkari en við föðurfjölskylduna. Miklar líkur eru á því að börn eignist stjúpföreltra einhvern tímann á ævinni og eiga þeir foreldra sem ganga þá oft á tíðum inn í ömmu og afa hlutverkið (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Í rannsókn sem Sigrún Júlíusdóttir og fleiri (2008) gerðu var, kom í ljós að um 62% ungmenna hitta móðurömmu sína tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði eða oftar eftir skilnað

foreldra og 50% móðurafa. Aftur á móti hitta ekki nema 34% föðurömmu sína jafnoft og 30% föðurafa.

Barn getur eignast stjúpömmur og afa með fleiri en einum hætti. Þessi tengsl geta myndast bæði þegar barn eignast stjúpforeldri en líka ef amman og afinn skilja og eignast síðar nýjan maka. Mjög misjafnt er á milli fjölskyldna hversu sterkt tengslanetið er við stjúpömmur og afa. Í fyrra tilfallinu veltur styrkleiki tengslanetsins allur á því hversu sterk tengsl barnið á við stjúpforeldri sitt. Það endurspeglar svo hversu sterk tengslin verða við stjúpömmurnar og afana. Aldur barns þegar stjúpforeldrið kom inn í fjölskylduna skiptir einnig máli því þegar barn er mjög ungt þá myndast oft sterkari tengsl. Samgangur á milli heimila hefur mikið að segja því að barn sem verður nátengt stjúpforeldri sínu er líklegra til að umgangast foreldra stjúpforeldisins meira og því geta tengslin orðið sterkari. Í því seinna geta tengsl á milli barns og þess blóðforeldris sem ekki býr á heimilinu verið misjöfn og velta á því hversu gott samband er á milli barnsins og þess foreldris. Máli skiptir hvort barnið sé vant að gista á því heimili eða hvort heimsóknir séu bundnar við styttri tíma og þá jafnvel fjarri heimili þess foreldris. Samband barnsins við þetta foreldri sitt hefur auk þess áhrif á tengingu barnsins við ömmu og afa þeim megin. Ef blóðforeldrið sem barnið býr ekki hjá eignast nýjan maka þá skiptir samband barns og þess foreldris miklu þegar kemur að myndun tengsla barns við stjúpforeldri og foreldra þess (Graham, Hawker og Crow, 2008). Nokkuð ljóst er að samband barna við ömmur og afa fer allt eftir því hversu nán tengsl eru milli barna og foreldra. Áhugavert er í framhaldi af því að skoða hvernig samband barna við systkini er háttað eftir skilnað.

### **1.5. Samband barna við systkini eftir skilnað**

Flest börn eignast systkini einhvern tíman á ævinni og er samskiptum þeirra háttað á mjög misjafnan hátt. Ekki er til einhver ein gerð af systkinum heldur veltur það allt á fjölskylduforminu hvernig systkinahópurinn er samsettur.

Alsystkini, hálf-systkini og stjúpsystkini eru þær þrjár gerðir sem til eru af systkinum. Alsystkini barns er það systkini sem á sömu líffræðilegu foreldra og barnið. Þau systkini sem eiga aðeins annað líffræðilega foreldrið sameiginlegt eru hálf-systkini. Það barn sem eignast

stjúpsystkini á aftur á móti ekki sameiginlegt líffræðilegt foreldri með því systkini heldur hefur það systkini komið inn í fjölskylduna með stjúpforeldri barnsins (Baham og fleiri, 2008).

Ef stjúpsystkini alast upp saman þá geta tengslin milli þeirra orðið jafn nán og á milli blóðsystkina sem alast upp saman. Það sem getur haft áhrif á samskipti milli stjúpsystkina er aldursmunur, tíðni heimsókna, hversu langt er á milli heimila þeirra auk sambands barnanna við stjúpforeldra sína. Ef stjúpbarn fær að taka mikinn þátt í því sem fjölskyldan gerir saman þá eru meiri líkur á að samband milli stjúpsystkina sé gott (Graham og fleiri, 2008).

Þeir sem hafa rannsakað samskipti milli systkina hafa komist að því að þau geta haft ýmiskonar áhrif á fjölskyldulífið. Eldri systkini geta verið yngri systkinum sínum mikilvægar fyrirmyndir og kennt þeim ýmislegt gagnlegt. Þegar stofnað hefur verið til nýrrar fjölskyldu og stjúpforeldri hefur komið með barn með sér inn í fjölskylduna þá getur fjölskyldulífið oltið á gæðum samskipta á milli stjúpsystkina. Samskipti þeirra geta haft áhrif á samskipti barns við sitt líffræðilega foreldri. Þegar verið er að skoða samskipti systkina í blönduðum fjölskyldum er vert að hafa í huga hvernig búsetu stjúpsystkina sé háttað. Ef stjúpsystkini búa ekki á sama heimili er ekki víst að áhrifin á samskipti þeirra verði þau sömu og ef þau væru búsett á sama heimili (Baham og fleiri, 2008).

Fjallað hefur verið um tengsl barna við foreldra þeirra og aðra fjölskyldumeðlimi í kjölfar skilnaðar og bendir allt til þess að aukin lífsgæði barna felist í góðum tengslum við báða foreldrana. Foreldrasamvinna og sameiginleg forsjá virðist vera mikilvægt skref í áttina að bættum lífsgæðum barna þar sem tengslin við báðar fjölskyldurnar eru meiri. Þá má í framhaldi af því velja því fyrir sér hvernig öryggi barna fráskilinna foreldra sé háttað og hvort þau séu í meiri hættu á að vera beitt ofbeldi eða vanrækt heldur en börn sem búa hjá báðum foreldrum. Fjallað verður hér í framhaldinu um tegundir ofbeldis og vanrækslu ásamt líkum á því að skilnaðarbörn séu beitt ofbeldi eða vanrækt.

## 2. Ofbeldi gegn börnum

Samkvæmt 28. grein Barnalaga nr. 76/2003 ber foreldrum skylda til að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu ásamt því að sinna forsjárskyldum eftir hag og þörfum barnsins. Ein af forsjárskyldum foreldra er að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri háttsemi sem kann að vera vanvirðandi. Þá fjalla Barnaverndarlög nr. 80/2002 um tilkynningaskyldu almennings þar sem öllum er gert að skyldu að tilkynna til barnaverndarnefndar ef viðkomandi hefur minnsta grun um að barn búi við óviðunandi aðstæður, verði fyrir áreitni, ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Þá ber þeim sem starfa með börnum eða hafa afskipti af málefnum barna skylda til að tilkynna barnaverndarnefnd verði þeir varir við slíkt. Tilkynningarskylda þeirra gengur umfram rétt um þagnarskyldu.

Ofbeldi birtist í mörgum myndum en skilgreining á ofbeldi getur falist í gjörð sem er framkvæmd viljandi til að valda annarri manneskju sársauka eða meiðslum. Helstu tegundir ofbeldis eru líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi. Erfitt getur verið að henda reiður á það nákvæmlega hversu algengt ofbeldi gagnvart börnum er. Ástæðurnar geta falist í skráningu gagna um þessi mál þar sem ekki er alls staðar sami mælikvarði á það hvað telst vera ofbeldi. Þá fer ofbeldið oft fram á bak við luktur dyr og getur því verið falið, ekki verið veitt eftirtekt eða einfaldlega hundsáð. Fórnarlömbin geta oft ekki talað fyrir sig sjálf eða einfaldlega þora því ekki. Komist ofbeldið ekki í hendur yfirvalda eru engar líkur á að til séu tölur um það í opinberum gögnum (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Misþyrming á börnum skiptist niður í ofbeldi annars vegar og vanrækslu hins vegar. Ofbeldið felst þá frekar í þeim gjörðum sem fullorðinn einstaklingur gerir til að skaða barn á meðan vanræksla er frekar talin vera skortur á gjörðum hins fullorðna sem getur orðið til þess að barn hljóti skaða af (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

### 2.1. Líkamlegt ofbeldi

Skilgreiningin á líkamlegu ofbeldi getur verið erfið þar sem mismunandi menning getur skapað mismunandi skilgreiningu á ofbeldi. Meðan sum menningarsamfélög telja eðlilegt að slá barn geta önnur talið það refsivert. Almennt er talið að þær aðgerðir sem valda



sjáanlegum meiðslum eins og til dæmis marblettum, beinbroti, skurðum og brunasárum séu talin vera líkamlegt ofbeldi. Deilt hefur verið um það hvort hafa þurfi með í skilgreiningunni hvort um ásetning hafi verið að ræða því annars er verið að útiloka möguleikann á að um slys geti verið að ræða. Þar sem um er að ræða misþyrmingu á barni er oftast líklegt að um munstur eða ákveðið ferli sé að ræða frekar heldur en einn einstakan atburð. Meðal lágtekjufólks og fólks sem hefur takmarkaðan félagslegan stuðning hefur líkamlegt ofbeldi reynst bæði algengara og alvarlegra en meðal fólks af öðrum stéttum þjóðfélagsins. (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

Í Bandaríkjunum er ekki til í lögum nein samræmd skilgreining á því hvað teljist vera líkamlegt ofbeldi gegn börnum og hefur hvert ríki sitt eigið flokkunarkerfi til að fara eftir. Þar er í sumum ríkjum leyfilegt að rasskella börn svo framarlega sem það sé innan skynsamlegra marka og er þá miðað við að ekki komi fram sýnilegir áverkar. Aldur er einnig nefndur í þessu dæmi en þá er miðað við að refsingarnar séu innan þess sem er viðeigandi í sambandi við aldur og þroska barnsins (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Birtingarmyndir líkamlegs ofbeldis geta verið í ýmsum myndum, til dæmis að barn sé slegið með flötum lófa, kýlt með hnefa, sparkað í það, hlutum hent í það, barn sé brennt, bundið eða hrist. Einnig getur líkamlegt ofbeldi komið fram á óbeinan hátt eins og þegar barni er byrjað eitur, gefið hættuleg lyf eða skemmdur matur, barn látið borða eigin saur eða annað sem getur valdið barni skaða eða verið hættulegt (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

Afleiðingar líkamlegs ofbeldis geta verið margvíslegar en algengast er að skipta því niður í tvo flokka eftir því hvort áhrifin eru bæld eða sýnileg. Bæld áhrif koma fram í tilfinningaröskun eins og kvíða sem síðan getur leitt til þunglyndis. Algengara er að slík áhrif komi frekar fram hjá stúlkum heldur en drengjum. Sýnileg áhrif eru aftur á móti fólgin í því að barnið fer að sýna af sér slæma hegðun eins og árásargirni eða afbrotahegðun. Slík hegðun er algengari meðal drengja en stúlkna. Langvarandi ofbeldi getur svo leitt af sér alvarlegri einkenni eins og alvarlega geðræna örðugleika eða alvarleg hegðunar-, félagsleg-, eða tilfinningaleg vandamál (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Börn sem upplifa líkamlegt ofbeldi eru líkleg til að bera merki um líkamlegan, hegðunarlegan og tilfinningalegan skaða (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

## 2.2. Andlegt ofbeldi

Andlegt ofbeldi var ekki viðurkennt fyrr en nýlega sem sérstakt ofbeldisform heldur var það flokkað hér áður fyrr sem hliðarverkun undir önnur form af ofbeldi eða vanrækslu. Skilgreiningin á andlegu ofbeldi felst í endurteknum gjörðum þar sem barni er sagt að það sé einskis virði, óæskilegt, ekki elskað, aðeins til að mæta þörfum annarra eða að barni sé hótað ofbeldi. Mörgum foreldrum getur orðið á að hundska börnin sín, gagnrýna þau eða styðja þau ekki í því sem þau eru að gera. Þau geta jafnvel átt það til að segja eitthvað sem þau svo síðar sjá eftir. Erfitt getur reynst að skilgreina undir hvaða kringumstæðum sú hegðun flokkast sem andlegt ofbeldi. Andlegt ofbeldi kemur sjaldan fram eitt og sér heldur er algengt að það sé í samfloti með öðrum tegundum ofbeldis. Barn sem beitt er líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi upplifir kvíða og hræðslu í kjölfarið og getur því einnig talist vera beitt andlegu ofbeldi (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Algengustu birtingarmyndir andlegs ofbeldis eru þær að barni er sýnt neikvætt viðhorf eins og það að sett er út á útlit eða skap barnsins. Þá eru heimalærdómur eða heimilisstörf einnig atriði sem hugsanlega væri sett út á. Barn er uppnefnt neikvæðum orðum eins og fífl, asni, hálfviti og þess háttar. Barni eru send rafræn skilaboð til dæmis í formi SMS skilaboða þar sem beitt er andlegu ofbeldi eða kynferðislegu áreiti. Foreldri sýnir neikvæðar tilfinningar í garð barnsins og gerðar eru óraunhæfar kröfur til barns miðað við aldur og þroska þess. Barn er ekki metið sem sjálfstæður einstaklingur heldur er notað til að sinna þörfum foreldris. Einnig er talið að það sé andlegt ofbeldi fyrir barn að verða vitni að ofbeldi, líkamlegu eða kynferðislegu, á milli foreldra eða annarra fjölskyldumeðlima (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003). Auk þess eru atriði sem falla undir andlegt ofbeldi, eins og til dæmis að valda barni kvíða eða hræðslu með hótunum, öskrum eða blótsyrðum. Höfnun má einnig nefna en þar er barni neitað um hjálp eða ekki tekið mark á hugmyndum þess. Síðast en ekki síst má nefna einangrun þar sem komið er í veg fyrir það að barn geti tekið þátt í félagslífi með öðrum börnum og þar með stuðlað að andfélagslegri hegðun barns (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Sumir fræðimenn halda því fram að andlegt ofbeldi sé eitt mest niðurrífandi form af ofbeldi sem til er. Þegar barn fær stöðugt að heyra að það sé einskis virði, heimskt, ljótt eða

að það sé ekki nokkur leið að elska það, þá fer barnið að trúá því að það sé satt. Barnið fer þá jafnvel að haga sér í samræmi við það. Slík niðurlæging gerir það að verkum að sjálfsálit barnsins verður lítið sem ekkert. Möguleg áhrif andlegs ofbeldis eru meðal annars andfélagsleg hegðun, þunglyndi, hlédrægni og lágt sjálfsálit. Langvarandi áhrif geta svo meðal annars komið fram í afbrotahegðun, árásargirni, neikvæðum lífsviðhorfum, sjálfsvígshægðun, kvíða og átröskunum (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

### **2.3. Kynferðislegt ofbeldi**

Nokkuð misjafnt er hver skilgreining á kynferðislegu ofbeldi er en það fer allt eftir menningu og hefðum á hverjum stað fyrir sig, hver hún er. Ein af fyrstu skilgreiningunum sem fram hefur komið um þetta málefni er frá árinu 1978 og er hún enn við lýði í Bandaríkjunum. Sú skilgreining snýst um snertingu og gagnkvæm áhrif milli barns og fullorðins þar sem barn er notað til kynferðislegrar örvunar. Þar er þess einnig getið að kynferðislegt ofbeldi geti verið framið af manneskju sem er undir 18 ára aldri ef sú manneskja er áberandi eldri en þolandinn eða þegar gerandinn er í stjórnar- eða valdastöðu yfir barni (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Umboðsmaður barna (e.d.) telur að kynferðisleg misnotkun á börnum sé þegar börn eru fengin til að taka þátt í kynferðislegu athæfi eða leik með einhverjum sem er hærra settur eða valdmeiri en þau.

Skilgreining á því hvað telst vera kynferðislegt ofbeldi er ekki til í íslenskum lögum en aftur á móti er fjallað um refsingu fyrir að beita því í 194. grein Almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en þar segir að: „Hver sem með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis teljist svipting sjálfræðis með innlokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti“. Í 202. grein sömu laga segir að: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára skuli sæta fangelsi allt að 12 árum“.

Birtingarform kynferðislegs ofbeldis getur verið á margvíslegan hátt og má þar nefna nauðgun, sífjaspell, barnaklám, kynferðislega áreitni og vændi. Kynferðislegt ofbeldið getur átt sér stað innan fjölskyldunnar, frá hendi foreldris, stjúpfareldris, systkina eða annarra ættingja. Kynferðislegt ofbeldi getur einnig átt sér stað utan heimilis, frá hendi vinar, nágretta, barnfóstru, kennara eða ókunnugra. Gerendur eru misjafnlega mikið meðvitaðir

um það að þeir séu í raun að misþyrma þolandanum og oftast telja þeir þarfir sínar mikilvægari en þarfir þolandans og gera þar af leiðandi lítið úr tilfinningum og réttindum hans og auðmýkja hann þannig. Meðan þolendur upplifa sársauka, hræðslu, niðurlægingu, skömm, sekt og einmanaleika ásamt algjöru valda- og varnarleysi leitast gerendur við að ná yfirráðum yfir þolendum (Umboðsmaður barna, e.d.).

Ein alvarlegasta tegund ofbeldis sem til er mun vera kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og unglingum þar sem það er líklegt til að skaða tilfinningalíf þolandanna til langs tíma. Oft gera yngri börn sér ekki grein fyrir því að misnotkunin sé eitthvað sem ekki má. Yfirleitt tengjast þeir sem fremja kynferðisafbrot gegn börnum fjölskyldu barnsins sem þeir misnota og eru karlmenn í meirihluta þeirra sem beita kynferðislegu ofbeldi. Öll ábyrgð á kynferðislegu ofbeldi er í höndum gerandans og er ekkert sem réttlætir þær gerðir. Þögn þolandans er ekki merki um samþykki viðkomandi og er kynferðislegt ofbeldi aldrei þolandanum að kenna þó að sumir gerendur séu mjög snjallir í að telja sjálfum sér og öðrum trú um það (Umboðsmaður barna, e.d.).

Kynferðisleg misnotkun er eitthvað sem ekkert barn er tilbúið að kljást við. Það hefur víðtæk áhrif á tilfinningar, hugsanir og hegðun barns að verða fyrir kynferðislegri misnotkun. Það getur jafnvel farið verr með börn og unglunga ef þau upplifa mikla skömm og sektarkennd og finnst þau ekki geta sagt neinum frá ofbeldinu, heldur en sjálft ofbeldið. Reiði gagnvart sjálfum sér og að finnast maður ekki eiga neitt gott skilið eru tilfinningar sem barn er verður fyrir kynferðislegu ofbeldi getur þurft að takast á við. Það er mjög algengt að barn sem hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi segi ekki frá því fyrr en komið er á fullorðinsár (Umboðsmaður barna, e.d.).

Þolandi kynferðislegs ofbeldis getur þurft að takast á við bæði tilfinningalega- og félagslega erfiðleika. Tilfinningalegu erfiðleikarnir geta verið meðal annars í formi kvíða, þunglyndis, sektarkenndar, hræðslu, lélegs sjálfstrausts, svefntruflana og jafnvel áfallastreituröskunar. Félagslegu erfiðleikarnir geta komið fram í árásargirni, félagsfælni, sjálfskaðandi hegðun eins og sjálfsvígstilraunum, óvenjulegum kynferðislegum áhuga, sjálfsfróun og berun kynfæra. Margir glíma einnig við erfiðleika í námi, einbeitingar- og athyglisskort, erfiðleika með samskipti, fíkniefnavanda og átröskun. Erfitt getur reynst að færa sönnur á að atburðurinn hafi átt sér stað nema hreinlega sé um líkamlega áverka að

ræða eins og mar, verk, kláða, blæðingu eða lykt frá kynfærum. Einnig getur þolandi kynferðislegs ofbeldis átt erfitt með gang eða setu, haft höfuðverk eða magaverk og átt erfitt með svefn (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Mjög lágt hlutfall kynferðisbrota er tilkynnt til lögreglu og benda rannsóknir til þess að tíðni afbrota sé mun meiri en gögn gefa til kynna. Líklegt er að um helmingur afbrota sé ekki tilkynntur til lögreglu en það fer þó mikið eftir tegundum afbrota hvort þau séu tilkynnt (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Þetta lága hlutfall tilkynninga kynferðisbrota má væntanlega rekja til þess hversu erfitt er að sanna það að atburðurinn hafi átt sér stað ef ekki er um sýnilega áverka að ræða. Sama má segja um aðrar tegundir ofbeldis að þar sem erfitt getur reynst að færa sönnur á því að það hafi átt sér stað er möguleiki á að það komi ekki upp á yfirborðið. Ofbeldi er önnur tegundin af misbresti í uppeldisskilyrðum barna en vanræksla er hin tegundin og verður hér í framhaldi fjallað um hana.

### 3. Vanræksla barna

Flestir fræðimenn eru sammála því að skilgreiningin á vanrækslu felst í skorti á að fullnægja grunnþörfum barns. Vanrækslan felst þá í því að foreldri eða umsjónarmaður barns bregst skyldum sínum í því að veita barni nauðsynlega heilbrigðisþjónustu eða að eftirliti, næringu, hreinlæti, tilfinningalegri umönnun, menntun eða öruggu húsnæði sé ábótavant. Þó er erfitt að einblína einungis á hvaða þörfum barnsins sé mætt því fátækt getur verið þess valdandi að foreldrar hreinlega hafi ekki efni á að veita barni sínu allar nauðsynlegustu grunnþarfir. Þá er ekki um að ræða vanrækslu af fúsum og frjálsum vilja heldur eru þar aðrir þættir sem valda því að barn fær ekki grunnþörfum sínum fullnægt. Í flestum ríkjum Bandaríkjanna telja lögin að skilgreiningin á vanrækslu felist í því að barni sé stofnað í hættu eða að líkur séu á að það verði fyrir skaða. Þó má alltaf deila um það hvað sé hættulegt og líklegt til að valda skaða. Fjöldi og alvarleiki tilfella geta þar skipt miklu máli. Barn sem til dæmis missir úr stöku máltíð eða baðferð væri að öllum líkindum ekki talið í hættu á meðan barn sem lendir sífellt í slíkum tilfellum væri talið vera vanrækt. Mörkin eru ekki alltaf skýr á milli þess sem telja má fullnægjandi eða ófullnægjandi umönnun. Menning og gildi í hverju samfélagi fyrir sig er það sem markar þá ábyrgð sem telst eðlilegt að leggja á herðar barns. Það sem telst eðlilegt í einu samfélagi getur talist óeðlilegt í öðru (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Vanræksla hefur verið eitt algengasta form af misbresti í uppeldi barna hér á landi eða um 68% þeirra tilkynninga þar sem börn eru þolendur. Tölur sýna að svipuð tíðni er einnig í Bandaríkjunum. Vanrækslu hefur verið skipt niður í fjóra meginflokka sem síðan skiptast niður í enn fleiri undirflokka. Þessir flokkar eru: Líkamleg vanræksla, vanræksla varðandi umsjón og eftirlit, vanræksla varðandi nám og tilfinningaleg/sálræn vanræksla (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

#### 3.1. Líkamleg vanræksla

Líkamleg vanræksla felst í því foreldri eða eftirlitsaðili hefur ekki sinnt þeirri skyldu að sinna líkamlegum þörfum barns. Þá er átt við að skortur sé á viðeigandi fæði, annað hvort er fæði ekki við hæfi miðað við aldur og þroska barnsins, máltíðir óhollar, óreglulegar eða ekki nægilega stórar sem getur haft áhrif á heilsu og þroska barnsins. Þá er klæðnaði barnsins einnig ábótavant en þar er átt við að barnið sé í of litlum fötum eða skóm sem veldur þeim

ópægindum eða fatnaður sé ekki nógu hlýr og ekki í samræmi við veðurfar. Um ófullnægjandi húsnæði getur verið að ræða sem getur skaðað heilsu barns og velferð þess en þar er átt við óíbúðarhæft húsnæði eða jafnvel ekkert húsnæði. Hreinlæti getur verið ábótavant og þess ekki gætt að það sé fullnægjandi fyrir heilsu barnsins og velferð. Þá er átt við að ólykt sé af barninu vegna óhreininda þess og fatnaðar, tannburstun sé ekki fullnægjandi eða þess sé ekki gætt að unglingur þrifi sig. Ein birtingarmynd vanrækslu er þegar þörfum barns fyrir heilbrigðisþjónustu er ekki sinnt þó fagaðili hafi mælt með ákveðinni meðferð fyrir það. Döfnunarfeill er eitt einkenni þessarar tegundar vanrækslu en í því tilfalli nær ungabarn ekki viðeigandi þroska vegna þess að líkamlegum og/eða tilfinningalegum þörfum þess er ekki sinnt. Þá er um að ræða alvarlega truflun í tengslum milli foreldra og barns sem birtist í líkamlegri og tilfinningalegri vanrækslu barnsins (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

### **3.2. Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit**

Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit er annar flokkurinn en hún felst í því að öryggi og velferð barnsins geta verið í hættu. Þetta á helst við þegar barn hefur ekki aldur og þroska til að vernda sig sjálft. Skortur á nægjanlegu eftirliti getur átt við þó að foreldri sé til staðar hafi það ekki áttað sig á mögulegri hættu og þar af leiðandi ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að fylgist nægilega vel með barninu til að vernda það fyrir skaða, þannig að barnið getur farið sér að voða. Barn getur til dæmis verið skilið eftir eitt á heimili eða í bifreið án eftirlits og án þess að hafa þroska eða aldur til. Barn getur verið skilið eftir hjá hæfum aðila en ekki verið sótt á þeim tíma sem samið var um eða ekki ákveðið hvenær á að sækja barnið og sá sem passar barnið telur sig hafa passað óeðlilega lengi. Vanræksla í umsjón og eftirliti getur einnig átt við ef barn er óeðlilega mikið í pössun hjá mörgum mismunandi aðilum. Þá er möguleiki á að barn geti verið skilið eftir hjá eftirlitsaðila sem er ekki hæfur vegna aldurs, þroska, þroskaskerðingar, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða viðkomandi jafnvel haldinn alvarlegum geðsjúkdómi sem gerir hann ekki hæfan til að annast barn. Einnig getur eftirlitsaðili verið hreinlega hættulegur barni ef viðkomandi hefur verið grunaður um eða jafnvel vitað til þess að hann hafi beitt barn líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit á einnig við ef foreldri gefur í skyn að það vilji ekki eiga barnið sitt og rekur það út af heimilinu, yfirgefur það á víðavangi eða á almenningsstað eða jafnvel reynir að svipta sig lífi

þegar það fer eitt með forsjá barnsins. Þá er barn sem verður forsjárlaust vegna fráfalls foreldra, sjálfræðissviptingar foreldris eða foreldri er handtekið eða hverfur af einhverjum ástæðum þannig að umönnun barnsins er ekki sinnt einnig í hættu á að verða fyrir þessari tegund vanrækslu. Barni sem er hætta búin vegna annarlegs ástands foreldra eða því er leyft að gera hluti sem eru jafnvel ólöglegir er ekki nægilega verndað (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

### **3.3. Vanræksla varðandi nám**

Vanræksla varðandi nám er þriðji flokkurinn en hún felst í því að foreldrar skipta sér ekki af því þó að barn mæti illa í skóla. Þá getur það einnig átt við að barn sé einfaldlega ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögmeðra ástæðna. Þær ástæður geta verið þær að barnið þurfi að passa yngra systkini eða vegna þess að foreldri vaknar ekki til að koma barninu í skólann á réttum tíma. Þetta á einnig við ef barninu skortir nauðsynleg áhöld til skólustarfsins eins og bækur, ritföng, leikfimisföt eða sundföt og foreldrar gera ekkert til að bæta úr því. Einnig ef skóli hefur vísað barni í greiningu eða í aðra sértæka þjónustu vegna gruns um námsörðuleika og foreldrar sinna ekki þeim þörfum (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

### **3.4. Tilfinningaleg/sálræn vanræksla**

Tilfinningaleg/sálræn vanræksla er svo fjórði flokkurinn en hún felst í því að tilfinningalegum þörfum barns er ekki sinnt á viðunandi hátt. Foreldri bregst þá ekki við þegar barnið þarfnast umönnunar og stuðnings. Þá getur komið í ljós skortur á eðlilegri tengslamyndun milli foreldris og barns. Með því að stuðla að félagslegri einangrun fjölskyldunnar er félagsþroska barns ekki fullnægt og einnig ef foreldri kemur í veg fyrir tilraunir barns til að vingast við jafnaldra. Sé hugrænn þroski barns ekki örvaður nægilega getur það haft áhrif á sjálfstæði og þroska barnsins. Þá notar foreldri ekki tækifæri til að kenna barni eða örva hugrænan þroska þess og jafnvel lætur við barnið eins og það hvorki sjái né heyri í því. Barni sem hvorki eru sett eðlileg mörk né það beitt nauðsynlegum aga getur leitt til þess að það fer að sýna ákveðinn hegðunarvanda, ganga illa í skóla og getur jafnvel átt við félagslega erfiðleika að stríða (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).



Tilfinningaleg/sálræn vanræksla getur haft slæmar afleiðingar á einstakling og þá sérstaklega ef hún hefur varað í langan tíma. Rannsóknir benda sterklega til þess að langvarandi vanræksla hafi ekki síður alvarleg áhrif á einstakling en líkamlegt ofbeldi. Það getur haft skaðleg áhrif til frambúðar á einstakling að verða fyrir viðvarandi tilfinningalegri vanrækslu á sjálfsmynd hans (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Nokkuð ljóst er að ofbeldi og vanræksla geta haft veruleg áhrif á þolendur þess. Ýmsar kenningar er hægt er að tengja við ofbeldi og vanrækslu og verða nokkrar þeirra skoðaðar hér í framhaldinu.

## 4. Fræðilegur kafli

Erfitt getur reynst að finna kenningar sem útskýra á fullnægjandi hátt ofbeldi gegn börnum (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005) en þó er hægt að tengja margar kenningar við ofbeldi og þar sem ofbeldi er afbrot verður stuðst hér helst við kenningar úr afbrotafræðinni. Þar má helst nefna Átakakenningar (Conflict Theory) og Félagsnámskenningar (Social Learning Theory). Átakakenningin snýst um yfirráð þeirra sem hafa völdin gegn þeim sem minna mega sín. Hana má nota sem grundvöll fyrir varnarleysi barna gagnvart ráðríki foreldra sinna. Einnig er hægt að tengja kenningar úr félagsfræðinni eins og Feðraveldiskenninguna við ofbeldi. Sú kenning styrkir stoðir undir Átakakenninguna þar sem hún gengur út á það að feður telji konu sína og börn vera eign sína og finnst þeim það vera réttur sinn að beita þau ofbeldi til að fá sínu framgengt (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Skilnað foreldra mætti síðan tengja við Siðrofskenninguna þar sem skilnaður er breyting sem gerist oft mjög snögg og getur valdið siðrofi þar sem skilnaður getur virkað sem upplausn í fjölskyldunni (Collins og Makowsky, 2004). Félagsnámskenningar má síðan skoða í framhaldinu þar sem þær fjalla um það að afbrotahegðun sé lærd hegðun. Sé barn beitt ofbeldi getur það virkað áfram sem vítahringur þar sem barnið hefur lært ákveðna hegðun sem það síðan viðheldur áfram í gegnum sitt líf (Siegel, 2009). Þessar kenningar mætti mögulega tengja við ofbeldi gegn börnum þar sem foreldrarnir nota yfirráð sín til að reyna að stjórna börnunum. Vilji börnin aftur á móti ekki láta af stjórn er aukin hætta á að komi til átaka og að þau verði beitt ofbeldi. Í framhaldinu er svo möguleiki á að börnin viðhaldi þeirri ofbeldishegðun sem þau hafa lært.

### 4.1. Átakakenningar

Átakakenningar snúast um átök á milli stétta þar sem hinir efnameiri hafa völdin og stjórna á meðan verkamennirnir vinna fyrir gróðanum sem fer í vasa þeirra ríku. Upphafið má rekja til Karls Marx en hann kom fram með þá kenningu til að skýra átökin á milli kapitalismans og verkamannsins. Marxistar hafa síðan þróað kenninguna yfir í afbrotafræði þar sem þeir tengja glæpi efnahagslegri uppbygginu í þjóðfélaginu sem síðar leiðir til ofbeldis og glæpa þegar verkamaðurinn reynir að standa uppi í hárinu á valdhafanum. Átakakenningar beina sjónum að þeim sem hafa völdin og ákveða hvað sé rétt og hvað sé rangt. Þar er afbrot

ekki annað en pólitík og lögin notuð sem vopn þeirra efnameiri til að viðhalda sjónarhorni þeirra og kemur það jafnan niður á almennum borgurum. Þeir ríku hafa völdin og við það myndast átök, spenna og hagsmunatogstreita. Átök geta átt sér stað milli borga, nágretta og jafnvel innan fjölskyldunnar. Leiði átökin til stríðs, ofbeldis eða dauða geta þau verið niðurrífandi en aftur á móti uppbyggileg þegar þau leiða til jákvæðra breytinga (Siegel, 2009).

Gengið er út frá því að ólíkir þjóðfélagshópar búi í nútíma samfélögum og að þeir þurfi að gæta ólíkra hagsmuna. Þeir eigi því í stöðugum átökum um takmörkuð gæði. Hóparnir geta verið ýmskonar eins og til dæmis efnaðir og fátækir, atvinnurekendur og launafólk, gamlir og ungir, karlar og konur, hvítir og svartir, svo nefnd séu dæmi. Milli þessara hópa geta komið upp átök sem eru ýmist opinber og harðvítug eða dulin og þá frekar lítið áberandi en eru þó ekki síður yfirleitt til staðar (Helgi Gunnlaugsson, 2008).

Átök og lítil stuðningur í hjónabandi hefur verið tengt áhættunni á misbresti í uppeldi barna. Það hefur sýnt sig að þegar barn verður vitni að heimilisofbeldi þá getur það haft neikvæð áhrif á þroska barnsins og hefur heimilisofbeldi því oft verið skilgreint sem misbrestur í uppeldisskilyrðum barna. Beiting líkamlegar refsingar hefur ekki verið viðurkennt uppeldisform hér á landi. Lítil félagslegur stuðningur og fátækt eru talin vera stór þáttur í misbresti í uppeldi barna. Hér á landi eins og á Norðurlöndunum hefur verið reynt að koma í veg fyrir fátækt með því að efla félagslegan stuðning. Það er gert með því að greiða fólki bætur í fæðingarorlofi, niðurgreiða heilbrigðisþjónustu og ungbarnaeftirlit ásamt því að tryggja að öll börn eigi rétt á grunnmenntun. Þá eru foreldrum einnig greiddar barnabætur með hverju barni (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Þrátt fyrir þetta er talið að um 10% þjóðarinnar búi undir fátæktarmörkum hér á landi (Harpa Njálisdóttir, 2003). Misbrestur í uppeldi barna getur einnig birst í formi umhverfisþátta eins og þeim að fyrirvinnu fjölskyldunnar mistekst að framfleyta fjölskyldu sinni á viðeigandi hátt (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

Fjölskyldur einkennast af valdabaráttu, átökum og mismunum. Karlar hafa yfirleitt haft meira vald en konur innan fjölskyldunnar. Húsagatilskipunin sem sett var á 18. öld gaf húsbóndanum rétt til að refsa öllum á heimilinu. Með því var reynt að minnka vald annara aðila á heimilinu til að koma í veg fyrir andstöðu þeirra (Newman og Grauerholz, 2002). Þegar átök eiga sér stað innan fjölskyldunnar er hægt að líta á átakakenningarnar í því

samhengi að foreldrarnir séu þeir sem eru með völdin og að börnin séu hinn almenni borgari. Feðraveldiskenningin felur í sér að valdbeiting sé tæki heimilisföðursins til að halda fjölskyldunni í skefjum og lúta að hans vilja. Þessar tvær kenningar benda því til þess að foreldranir geti því mögulega misnotað völd sín gegn börnunum til að stjórna þeim.

#### **4.2. Feðraveldiskenningin**

Feðraveldið (Patriarchal terrorism) samanstendur af þeirri gömlu hugmynd að um eignarrétt sé að ræða af hálfu karlmannna á eiginkonum sínum. Ógnarstjórn feðraveldisins er oftast tengd við heimilisofbeldi þar sem karlmaðurinn er í stjórnunar- og kúgunarstöðu. Slíkt ofbeldi viðhefst oft í skjóli friðhelgi heimilisins. Litið er á konur sem annars flokks þegna á eftir karlmönnum. Karlmaðurinn hefur þá rétt á því að leggja hendur á eiginkonuna og berja hana til hlýðni ef hún fer ekki í einu og öllu eftir vilja hans. Litið er á ofbeldið sem ákveðið ferli en ekki einn einstakan atburð. Þannig er ofbeldið viðurkennt kúgunartæki í sumum samfélögum. Karlmaðurinn er jafnvel hafður að háði í slíkum samfélögum ef konan þykir hafa of mikil völd á heimilinu. Karlmenn hafa löngum verið í hlutverki skaffarans og séð um að bera björg í bú. Verði karlmaðurinn aftur á móti fyrir því að lenda í atvinnuleysi eykur það streitu og álag hjá honum sem svo aftur skapar auknar líkur á ofbeldi (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Feður í láglaunastarfi eru líklegri til að beita börn sín valdi en aðrir feður (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Rannsóknir hafa sýnt aukningu á ofbeldi í samfélögum sem búa við félagslega eða efnahagslega erfiðleika. Slíkir erfiðleikar auka á almenna streitu og undir þeim kringumstæðum þarf minna til að leysa ofbeldi úr læðingi. Það hefur einnig sýnt sig að börn sem upplifa ofbeldi á heimili sínu eru líklegri til að beita ofbeldi heldur en þau sem ekki upplifa slíkt (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

#### **4.3. Siðrofskenningin**

Émile Durkheim, einn helsti fræðimaður innan félagsfræðinnar setti fram Siðrofskenninguna. Hann velti því fyrir sér hvers vegna glæpir væru til og af hverju fólk fremdi þá. Hann taldi upplausn í þjóðfélaginu vera sökudólg og taldi að á tímum mikilla breytinga yrði siðrof. Það á við þegar hefðbundin gildi tapast og ný gildi verða til. Því fylgir óróleiki og tímabil glundroða

og ringulreiðar skapast. Siðrof geti því orðið til, þar sem gildi, hefðir og viðmið hafa brotnað niður vegna snöggra félagslegra breytinga sem grafa undan félagslegu taumhaldi. Durkheim komst að því með rannsókn sinni á tíðni sjálfsvíga að tíðni þeirra jókst á tímum siðrofs. Hann taldi því að með nýjum lífsmáta og nýjum gildum væri verið að auka líkur á siðrofi sem síðan gæti ýtt undir glæpi og ofbeldi eins og gerðist í kjölfar iðnvæðingarinnar (Collins og Makowsky, 2004). Við skilnað foreldra er mögulegt að auknar líkur séu á að myndist siðrof í lífi fjölskyldunnar í kjölfar þeirra félagslegra breytinga sem fjölskyldan upplifir við skilnaðinn.

#### 4.4. Félagsskennningin

Félagsskennningar segja að afbrotahæðunin sé lærd hegðun og að afbrotamaðurinn sé aðeins að fara eftir því sem hann hefur séð aðra gera. Þessa kenningu má tengja við flest afbrot. Afbrotamaðurinn lærir hvernig á að fremja glæpin og hvernig hann lifir sem glæpamaður. Þetta hefur ekkert að gera með meðfædda eiginleika, fólk lærir hugmyndafræði sem réttlætir afbrotin og hvetur það til áframhaldandi afbrotahæðunar (Siegel, 2009).

Baham og fleiri (2008) telja að félagsskennningin eigi vel við þegar verið sé að fjalla um ofbeldi á heimilum. Hún fjalli um að hegðun einstaklinga sé lærd með því að herma eftir ákveðnum fyrirmyndum ásamt því að einstaklingar fái hvatningu fyrir ákveðinni hegðun. Þeir telja að hegðun foreldra geti haft áhrif á hegðun barna og er þá átt við að systkini séu líklegri til að vera sátt við hvort annað ef foreldrarnir eru sáttir. Aftur á móti ef foreldrum kemur illa saman þá sé líklegra að systkinum komi einnig illa saman. Meira ofbeldi sé á milli systkina á heimilum þar sem foreldrar beita hvort annað ofbeldi. Þá geti eldri systkini verið yngri systkinum mikilvægar fyrirmyndir og kennt þeim ýmislegt sem hjálpar þeim í gegnum lífið. Þeir telja þetta eiga að öllum líkindum einnig við um það barn sem elst upp meðal systkina í blandaðri fjölskyldu. Talið er að þau verði fyrir sömu áhrifum af þeim stjúpsystkinum og hálf-systkinum sem þau eru í nánnum samskiptum við.

Samkvæmt þessari kenningu getur barn sem elst upp við ofbeldi lært ofbeldishegðun og viðhaldið þeirri hegðun áfram í gegnum líf sitt. Því er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir það að barn sé beitt ofbeldi eða gera allt sem hægt er til að stöðva það ef grunur leikur

á að barn sæti ofbeldi. Það sama á við ef grunur leikur á vanrækslu að mikilvægt er að stöðva það. Næst verður skoðað hverjar séu líkurnar á því að barn verði beitt ofbeldi eða vanrækt.

## 5. Líkur á að skilnaðarbörn séu beitt ofbeldi eða vanrækt

Ný-Darwinistar vilja meina að það að eiga stjúpfóreltra sé einn helsti áhættuþáttur ofbeldis og vanrækslu. Stjúpfóreltrar þróa svo heitt að þeirra eigin börn geti nýtt sér þau bestu úrræði sem í boði eru að þeir vanrækja, misnota og stundum drepa stjúpbörn sín til að koma þeim burtu úr samkeppninni um úrræðin við líffræðilegu börn þeirra. Þeir bentu einnig á að stjúpfeður væru líklegri en stjúpmæður til að misþyrma stjúpbörnum sínum. Raunin er hins vegar sú að líffræðilegar mæður eru líklegastar til að vanrækja börn sín. Ný-Darwinistar hafa notað útskýringar sínar til að gera lítið úr minnihlutahópum en stjúpfóreltrar eru þar á meðal. Þeir gera lítið úr stjúpfóeltrum vegna þess að þeir hafa ekki líffræðileg tengsl við stjúpbörn sín (Coleman og fleiri, 2008).

Árið 2003 komu um þrjár milljónir tilkynninga til barnaverndarnefnda í Bandaríkjunum er varða misþyrmingar á börnum. Aðeins var hægt að færa sönnur á tæplega þriðjung þessara mála eða um 906.000 mála. Þar af voru nálægt 19% eða um 149.000 þeirra sem varðaði líkamlegt ofbeldi. Þar af dóu 264 börn í kjölfar líkamlegs ofbeldis, 330 börn dóu í kjölfarið af líkamlegri vanrækslu og 268 börn til viðbótar, dóu í kjölfar samblands af líkamlegu ofbeldi og öðru ofbeldi. Helmingur fórnarlamba líkamlegs ofbeldis eru 7 ára eða yngri og eru minnkandi líkur á líkamlegu ofbeldi eftir því sem barnið eldist. Um 32% allra tilkynninga sem koma inn til barnaverndaryfirvalda þar í landi eru vegna unglunga á aldrinum 12 til 17 ára en frekar stutt er síðan þeim aldurshópi var veitt einhver eftirtekt í ofbeldismálum. Kyn virðist ekki skipta miklu máli en þó eru drengir yfirleitt í aðeins meiri hættu á að vera beittir líkamlegu ofbeldi heldur en stúlkur. Þeir eru einnig líklegri til að hljóta frekar alvarlegri áverka heldur en stúlkurnar. Mesta tíðni líkamlegs ofbeldis meðal drengja er frá fæðingu til ellefu ára á meðan mesta tíðni hjá stúlkum er á unglingsaldri eða frá 12 til 17 ára. Opinberar tölur í Bandaríkjunum benda til þess að líffræðilegir fóreltrar séu líklegri til að beita börn sín líkamlegu ofbeldi heldur en aðrir aðilar. Þó getur verið misræmi í tölum þar sem sum ríki skrá aðeins þau tilfelli þar sem líffræðilegir fóreltrar eru gerendur. Þá eru stúlkur í meiri hættu á að vera beittar kynferðislegu ofbeldi heldur en drengir (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Hvað varðar andlegt ofbeldi þá er talið að skráning þess sé ekki nákvæm þar sem erfitt hefur reynst að skilgreina nákvæmlega hvar mörkin liggja. Það hefur sýnt sig að andlegt ofbeldi er mest falda ofbeldistegundin og er yfirleitt minnsta tíðni skráðra tilfella af þeirri

tegund. Talið er að tíðnin sé mjög vanmetin. Tölur benda til þess að andlegu ofbeldi sé frekar beitt gegn eldri börnum, heldur en yngri og er þá átt við börn á aldrinum frá 7 til 17 ára. Drengir virðast hafa verið líklegri til að vera beittir andlegu ofbeldi heldur en stúlkur, en þó hefur reynst erfitt að færa sönnur fyrir því að andlegt ofbeldi tengist kyni á einhvern hátt. Helst hefur verið hægt að færa sönnur fyrir því að andlegt ofbeldi sé meira viðhaft meðal lágtekjufólks heldur en meðal hátekjufólks (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Árið 2003 komu inn til Barnaverndarstofu rúmlega fimm þúsund tilkynningar og hafði þeim þá fjölgað um nærri helming frá árinu 1999. Gert er ráð fyrir að hluti þessarar fjölgunar felist í breyttri skáningu. Alls voru greind 1.341 mál og var barn þolandi ofbeldis í 762 málum. Þar af var vanræksla stærsti hlutinn eða 395 mál, kynferðislegt ofbeldi voru 114 mál, andlegt ofbeldi 45 mál og líkamlegt ofbeldi 44 mál. Barn var gerandi í 480 málum og voru hegðunarerfiðleikar þar stærsti hlutinn. Eins og sjá má í töflu 1. hér fyrir neðan gerist stærsti hluti þessara mála inni á heimili þar sem báðir foreldrar eru til staðar eða í 41,3% tilfella, í 37,1% tilfella þar sem barn er eingöngu hjá móður en einungis 6% tilfella þar sem barn er eingöngu hjá föður. Þá er eitt skráð tilfelli þar sem barn er til skiptis hjá móður og föður en í 5,3% tilfella þar sem barn er hjá móður og stjúpföreltri og í 0,6% tilfella þar sem barn er hjá föður og stjúpföreltri. Önnur tilfelli sem hafa átt sér stað hjá fósturföreltrum, kjörföreltrum eða ættingjum endurspeglar mjög lágt hlutfall (Barnaverndarstofa, 2004).

Árið 2006 hafði tilkynningum aftur á móti fjölgað í rúmlega 6.800 það ár er meirihluti barnaverndarmála vegna barna einstæðra mæðra eða tæp 42% á móti rétt rúmlega 37% tilfella vegna barna sem búa hjá báðum foreldrum. Þá eru tilfelli vegna barna einstæðra feðra nánast óbreyttar frá árinu 2003 eða um 6%. Þá hefur tilfellum er varða börn sem eru skráð til skiptis hjá móður og föður fjölgað úr einu tilfelli í fjögur eða 0,1%. Tilfelli vegna barna sem skráð eru hjá móður og stjúpföreltri hefur einnig fjölgað og er komið í 7,5% árið 2006 og 1,3% vegna barna sem eru hjá föður og stjúpföreltri. Tilfellum vegna barna hjá fósturföreltrum hefur fjölgað í 4,5% og hjá ættingjum er komin í 0,4%. Tilfellum vegna barna á stofnunum hefur hins vegar fækkað lítillega þó prósentutalan sé enn sú sama. Hið sama á við um börn sem eru skráð annars staðar. Þá hefur skráning tilkynninga batnað þar sem tilkynningar þar sem vantar upplýsingar hefur farið fækkandi úr 5,1% niður í 0,5% (Barnaverndarstofa, 2008).



## Tafla 1 - Tilkynningar eftir fjölskyldugerð

### Fjölskyldugerð barna árin 2003 og 2006

	2003		2006	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Hjá báðum foreldrum	1.940	41,3	1.365	37,3
Hjá móður	1.740	37,1	1.529	41,8
Hjá föður	280	6,0	226	6,2
Til skiptis hjá móður og föður	1	0,0	4	0,1
Hjá móður og stjúpforeldri	249	5,3	276	7,5
Hjá föður og stjúpforeldri	29	0,6	47	1,3
Hjá fósturforeldrum	175	3,7	164	4,5
Hjá kjörforeldrum	3	0,1	0	0,0
Hjá ættingjum	13	0,3	15	0,4
Á stofnun	4	0,1	2	0,1
Annars staðar	19	0,4	11	0,3
Vantar upplýsingar	242	5,1	17	0,5
Samtals	4.695	100,0	3.656	100,0

(Barnaverndarstofa 2004, bls. 58; Barnaverndarstofa, 2008, bls. 88)

Hafa ber í huga að þessar tölur um fjölskyldugerð barna frá Barnaverndarstofu sýna einungis upplýsingar um heildarfjölda tilkynninga eftir fjölskyldugerð og var þeim ekki skipt niður eftir gerð þeirra. Það er að segja þær voru ekki flokkaðar eftir því hvort um áhættuhegðun unglings var að ræða eða misbrest á uppeldisskilyrðum barna. Því má í framhaldinu velta fyrir sér hvernig fjölskyldugerðum barna er almennt háttað í landinu. Sjá má í töflu 2 að meiri hluti fjölskyldna í landinu, þar sem eru börn í heimili, eru hjón eða 52,9%, þá búa 20% fjölskyldna í óvígðri sambúð, einstæðar mæður eru 25% fjölskyldna og einstæðir feður eru 2,1% fjölskyldna (Hagstofa Íslands, e.d.). Það bendir því allt til þess að meirihluti barna í landinu búi á heimili með báðum foreldrum og þar af leiðandi má draga þá ályktun að tilkynningar vegna barna sem búa hjá einstæðu foreldri séu hlutfallslega hærri en hjá þeim sem búa með báðum foreldrum.

**Tafla 2 - Kjarnafjölskyldur eftir fjölskyldugerð árið 2006****Kjarnafjölskyldur eftir fjölskyldugerð**

	Fjöldi	%
Hjónaband með börnum	23.832	52,9
Óvígð sambúð með börnum	9.035	20,0
Kona með börn	11.243	25,0
Karl með börn	961	2,1
	<u>45.071</u>	<u>100,0</u>

(Hagstofa Íslands, e.d.)

Þessar tölur Hagstofunnar gera þó ekki greinarmun á því hvort börn séu stjúp börn, fósturbörn eða kjör börn. Þegar skoðaðar eru tilkynningar eftir ástæðum eins og sjá má í töflu 3 þá er meiri hluti tilkynninga vegna áhættu hegðunar barna. Þegar einungis er horft til þeirra tilkynninga sem snúa að börnum sem þolendum þá er vanræksla stærsti hlutinn eða tæp 61% af þeim hluta. Hvað varðar ofbeldi gegn börnum þá er fjöldi tilkynninga rúm 38% af þeim hluta, þar sem börn eru þolendur og er andlegt ofbeldi þar stærsti hlutinn en færstar tilkynningar eru vegna kynferðislegs ofbeldis. Þá er heilsu eða lífi ófæddis barns stofnað í hættu í 0,7% tilfella (Barnaverndarstofa, 2008). Þar sem Barnaverndarstofa flokkar ekki niður ástæður tilkynninga eftir fjölskyldugerð er ómögulegt að vita hversu stórt hlutfall barna af hverri fjölskyldugerð fellur undir áhættu hegðun og hversu stórt hlutfall fellur undir ofbeldi eða vanrækslu. Þar af leiðandi er ekki hægt að álykta um það hvort skilnaðarbörn séu frekar beitt ofbeldi heldur en börn sem búa með báðum kynforeldrum. Einungis er hægt að sjá það út frá þessum tölum að hlutfallslega fleiri tilkynningar koma inn er varða börn einstæðra foreldra.

### Tafla 3 - Tilkynningar eftir ástæðum

#### Ástæður tilkynninga árin 2004 og 2007

	2004		2007	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
<b>Vanræksla</b>	<b>1.910</b>	<b>34,3</b>	<b>2.490</b>	<b>29,6</b>
Líkamleg vanræksla	143	2,6	104	1,2
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.513	27,2	2.170	25,8
Vanræksla varðandi nám	91	1,6	55	0,7
Tilfinningaleg vanræksla	163	2,9	224	2,7
<b>Ofbeldi</b>	<b>804</b>	<b>14,5</b>	<b>1.586</b>	<b>18,9</b>
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	244	4,4	705	8,4
Líkamlegt ofbeldi	310	5,6	462	5,5
Kynferðislegt ofbeldi	250	4,5	436	5,2
<b>Áhættuhegðun barns</b>	<b>2.826</b>	<b>50,9</b>	<b>4.304</b>	<b>51,2</b>
<b>Heilsa eða líf ófædds barns í hættu</b>	<b>15</b>	<b>0,3</b>	<b>30</b>	<b>0,3</b>
<b>Samtals</b>	<b>5.555</b>	<b>100,0</b>	<b>8.410</b>	<b>100,0</b>

(Barnaverndarstofa, 2008, bls. 91).

Þrátt fyrir að opinberar tölur gefi til kynna að um fjölgun tilkynninga sé að ræða er erfitt að meta hvort svo sé í raun og veru. Skilgreiningar á ofbeldi eru ekki eins á milli staða og milli tímabila sem gerir það að verkum að erfiðara er að meta hvort um raunverulega fjölgun mála sé að ræða. Það hefur einnig mikið að segja að ofbeldi er oft falinn glæpur og þar af leiðandi ekki alltaf um að ræða tilkynningar í öllum tilfellum. Það ofbeldi sem skilur eftir sig áverka er líklegra til að vekja eftirtekt og vera tilkynnt til barnaverndaryfirvalda (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Guðjón Bjarnason, sálfræðingur á Barnaverndarstofu, (munnleg heimild, 24. febrúar 2010) telur að breyttar áherslur við skráningu tilkynninga geti haft mikið að segja um fjölgun mála. Hann segir að skráning mála hjá nefndum hafi verið að batna á undanförunum árum og sé það að hluta til skýring á fjölgun mála.

## 5.1. Áhættuþættir

Ýmsir þættir hafa verið taldir auka líkur á hættu á ofbeldi gegn börnum en þar má meðal annars nefna þætti sem snúa að einstaklingnum, fjölskyldunni eða fjölskyldugerðinni. Einstaklingsbundnu þættirnir snúa annars vegar að barninu sjálfu þar sem hættan á ofbeldi felst í hegðun barnsins. Þar eru áhættuþættir meðal annars taldir tengdir persónueinkennum barnsins eins og erfiðri hegðun. Börn með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD), fötlun eða þroskaskerðingu eru ásamt fyrirburum og ungum börnum talin vera í aukinni hættu á að vera beitt ofbeldi. Hins vegar eru þættir sem snúa að foreldrunum en þar má nefna þætti eins og þroskaskerðingu foreldris, þunglyndi eða aðra geðsjúkdóma sem áhættuþætti fyrir vanrækslu á börnum. Foreldrar sem hafa sjálfir verið beittir ofbeldi í æsku eru í meiri hættu á að beita eigin börn ofbeldi og að auki eru foreldrar sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda einnig í hættu á að beita börn sín ofbeldi eða vanrækja þau. Í fjölskyldum þar sem um er að ræða lítinn stuðning milli maka og samskiptaörðuleikar eiga sér stað milli foreldra og barna er meiri hætta á að börn séu beitt ofbeldi. Þá eru fátækt og skortur á félagslegum stuðningi stór áhættuþáttur. Þegar horft er til fjölskyldugerðar þá eru taldar vera auknar líkur á vanrækslu og líkamlegu ofbeldi meðal barna einstæðra foreldra heldur en meðal barna af öðrum fjölskyldugerðum. Aftur á móti eru börn, sérstaklega stúlkur, sem eiga stjúpfæður frekar taldar í hættu á að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þá eru börn sem koma úr barnmörgum fjölskyldum einnig talin í hættu á að vera vanrækt, sérstaklega ef þau búa þröngt. Þá eykst einnig hætta á ofbeldi ef fjölskyldan ver öllum stundum saman á heimili sínu og aðrir áhættuþættir eru einnig til staðar eins og atvinnuleysi eða aðrir þættir sem geta aukið á stress og álag hjá fjölskyldunni. Börn sem búa á heimilum þar sem heimilisofbeldi viðgengst eru einnig í töluverðri hættu á að vera beitt ofbeldi annað hvort frá hendi föður eða stjúpföður. Jafnvel eru til dæmi þess að móðir sem er beitt ofbeldi beiti svo ströngum aga gagnvart börnunum að hún beiti þau líkamlegu ofbeldi til að reyna að koma í veg fyrir að þau verði beitt ofbeldi af hálfu heimilisföðursins. Þó er yfirleitt frekar talið að heimilisofbeldi hafi meiri áhrif á andlegu hliðina hjá barni þar sem meiri líkur eru á að það verði vitni að heimilisofbeldinu frekar en að vera þolandi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

## 6. Umræða

Í þessari ritgerð var lagt upp með spurninguna: Hefur fjölskyldugerðin áhrif á lífsgæði barna og það hvort börn séu í meiri hættu á að vera beitt ofbeldi eða vanrækt? Lífsgæði barna eru í ritgerð þessari skilgreind sem tengsl þeirra við það foreldri sem það býr ekki hjá, sem og aðra ættingja eftir skilnað. Skoðað var hvernig börn upplifa skilnað foreldra sinna og hvaða áhrif það getur haft á samband þeirra við foreldra. Í ljós kom að börn búa mun oftár á heimili með móður sinni og því er mun meira samband við hana en föður eftir skilnað. Þar af leiðandi er einnig sambandið við móðurömmu og afa mun meira en við föðurömmu og afa. Einnig kom fram að börn sem búa á heimili með föður sínum hafa meira samband við móður sína heldur en börn sem eru búsett hjá móður, hafa við föður sinn.

Skoðað var hvort samvinna foreldra hafi áhrif á það hvernig sambandi barna sé háttað við foreldra, systkini, ömmur og afa eftir skilnað. Það kom í ljós að þar sem góð samvinna er á milli foreldra er mun betra samband á milli barns og þess foreldris sem ekki býr á heimilinu. Einnig er samband við aðra fjölskyldumeðlimi mun betra þar sem er góð samvinna og jákvætt viðhorf ríkir milli foreldra. Bendir það til þess að góð samvinna á milli foreldra sé mikilvæg eftir skilnað.

Farið var yfir skilgreiningar á ofbeldi og vanrækslu þar sem fram kom meðal annars hversu víðtækt ofbeldi og vanræksla getur verið og hversu veruleg áhrif það getur haft á þolanda þess. Einnig kom fram að ofbeldi og vanræksla geti verið mjög falið fyrirbæri í sumum þjóðfélögum og að tilkynningar séu því jafnvel ekki að skila sér inn. Í framhaldi af því var farið yfir kenningar sem tengjast ofbeldi en þær kenningar sem stuðst var við í þessari ritgerð eru átakakenningin, feðraveldiskenningin, siðrofskenningin og félagsnámskenningin.

Farið var yfir tölur frá Barnaverndarstofu þar sem skoðaðar voru upplýsingar um tilkynningar eftir fjölskyldugerð barns til að reyna að leggja mat á það hvort fjölskyldugerð tengist tíðni tilkynninga. Þær tilkynningar voru ekki flokkaðar eftir því hvort um áhættuhegðun barns eða misbrest í uppeldi var að ræða. Þá var farið yfir tölur frá Hagstofu Íslands þar sem fram kom að meiri hluti fjölskyldna í landinu eru hjón eða sambúðarfólk með börn þannig að draga má þá ályktun að hlutfallslega fleiri tilkynningar komi inn vegna barna sem búa með einstæðu foreldri.

Einnig voru skoðaðar tölur frá Barnaverndarstofu um tíðni og tegund misbrests í aðbúnaði barna. Þar kom fram að áhættuhegðun barns er stærsti hluti tilkynninga en á eftir því kemur vanræksla. Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er sjaldgæft en það má að öllum líkindum rekja til þess að slík mál fara fremur leynt. Ekki komu fram upplýsingar í ársskýrslu Barnaverndarstofu sem tengdu saman fjölskyldugerð og tegund ofbeldis svo erfitt er að leggja mat á það hvort að fjölskyldugerðin sem slík hafi áhrif þar á. Líkur eru á að fleiri þættir geti komið þar inn í eins og skapgerð foreldris og hvort það sjálft hafi orðið fyrir áföllum í æsku. Þættir eins og fátækt, lítill félagslegur stuðningur og þess háttar geta einnig skipt verulegu máli.

Svo virðist sem lífsgæði barna geti skerst nokkuð við skilnað foreldra, sérstaklega í þeim tilfellum þar sem um er að ræða litla eða enga samvinnu á milli foreldra. Þá eru auknar líkur á því að tengsl barna við það foreldri sem ekki býr á heimilinu verði slakt sem og við þá ættinga sem standa að því foreldri.

Með því að bera saman tölur frá Barnaverndarstofu um tilkynningar eftir fjölskyldugerð og tölur frá Hagstofunni um kjarnafjölskyldur eftir fjölskyldugerð kemur í ljós að fleiri tilkynningarnar varða börn einstæðra mæðra eða 41,8% á móti 37,3% tilkynninga er varða þau börn er búa hjá báðum foreldrum. Flest börn búa þó með báðum foreldrum sínum eða 72,9% á móti 27,1% sem býr með einstæðu foreldri. Það bendir til þess að hlutfallslega séu fleiri tilkynningar er varða börn einstæðra mæðra. Meiri hætta er á að einstæðar mæður lifi við eða undir fátæktarmörkum. Velta má því fyrir sér hvort það geti verið ástæða eða hluti af ástæðu þess hversu hátt hlutfall tilkynninga kemur inn á borð barnaverndarnefnda vegna þeirra barna. Verðugt er að hafa það í huga þegar unnið er að forvörnum sem snúa að þessu málefni.

## 7. Heimildaskrá

*Almenn hegningarlög* nr. 19/1940.

Baham, M. E., Weimer, A. A., Braver, S. L. og Fabricius W. V. (2008). Sibling Relationships in Blended Families. Í J. Pryor (ritstjóri), *The International Handbook of Stepfamilies* (bls. 175-207). Hoboken, New Jersey: John Wiley & Sons Inc.

*Barnalög* nr. 76/2003.

*Barnaverndarlög* nr. 80/2002.

Barnaverndarstofa. (2004). *Ársskýrsla 2003*. Sótt þann 26. febrúar 2010 af <http://www.bvs.is/files/file224.pdf>.

Barnaverndarstofa. (2008). *Ársskýrsla 2006-2007*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.

Berk, L. (2007). *Development through the lifespan* (4. útgáfa.). Illinois: Allyn & Bacon.

Coleman, M., Troilo, J. og Jamison, T. (2008). The Diversity of Stepmothers: The Influences of Stigma, Gender, and Context on Stepmother Identities. Í J. Pryor (ritstjóri), *The International Handbook of Stepfamilies* (bls. 369-393). Hoboken, New Jersey: John Wiley & Sons Inc.

Collins, R. og Makowsky, M. (2004). *The Discovery of Society*. New York: MacGraw-Hill.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2003). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF)*. Sótt þann 25. febrúar 2010 af <http://www.bvs.is/files/file468.pdf>.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2005). *Risk Factors for Repeated Child Maltreatment in Iceland: An ecological approach*. Reykjavík: University of Iceland Press.

Graham, A, Hawker, S. og Crow, G. (2008). Kinship in Stepfamilies. Í J. Pryor (ritstjóri), *The International Handbook of Stepfamilies* (bls. 323-344). Hoboken, New Jersey: John Wiley & Sons Inc.

Hagstofa Íslands. (e.d.). *Kjarnafjölskyldur eftir sveitafélögum og fjölskyldugerð*. Sótt þann 26. apríl 2010 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=629&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN07108%26ti=Kjarnafj%F6lskyldur+eftir+sveitarf%E9l%F6gum+og+fj%F6lskylduger%F0+1998%2D2010++++%26path=../Database/mannfjoldi/Fjolskyldan/%26lang=3%26units=Fjoldi>.

Hagstofa Íslands. (2009). *Forsjá barna úr skilnuðum og sambúðarslitum 2008*. Sótt þann 22. febrúar 2010 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&newsid=4016>.

Harpa Njálisdóttir. (2003). *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar: Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins*. Reykjavík: Borgarfræðisetur.

Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Mignot, J-F. (2008). Stepfamilies in France Since the 1990s: An Interdisciplinary Overview. Í J. Pryor (ritstjóri), *The International Handbook of Stepfamilies* (bls. 53-78). Hoboken, New Jersey: John Wiley & Sons Inc.
- Miller-Perrin, C. L. og Perrin, R. D. (2007). *Child Maltreatment: An Introduction* (2. útgáfa). Thousand Oaks, California: Sage Publications, Inc.
- Newman D. M. og Grauerholz L. (2002). *Sociology of Families* (2. útgáfa). Thousand Oaks, California: Sage Publications, Inc.
- Papernow, P.L. (2008). A Clinician's View of "Stepfamily Architecture": Strategies for Meeting the Challenges. Í J. Pryor (ritstjóri), *The International Handbook of Stepfamilies* (bls. 423-454). Hoboken, New Jersey: John Wiley & Sons Inc.
- Pryor, J. (2008). Children in Stepfamilies: Relationships with Nonresident Parents. Í J. Pryor (ritstjóri), *The International Handbook of Stepfamilies* (bls. 345-368). Hoboken, New Jersey: John Wiley & Sons Inc.
- Siegel, L. J. (2009). *Criminology* (10. útgáfa). Canada: Thomson Wadsworth.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldhvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2009). Samskipti foreldra og barna eftir skilnað. Í Halldór Sigurður Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls.119-130). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. (2008). *Ungmenni og ættartengsl: Rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna*. Reykjavík: Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar: Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Smith, M. (2008). Resident Mothers in Stepfamilies. Í J. Pryor (ritstjóri), *The International Handbook of Stepfamilies* (bls. 151-174). Hoboken, New Jersey: John Wiley & Sons Inc.
- Umboðsmaður barna. (e.d.). *Kynferðisofbeldi*. Sótt 20. febrúar 2010 af <http://www.barn.is/adalsida/malaflokkar/ofbeldi/kynferdisofbeldi/>.